

Fundur í skólaráði 10. júní 2014.

Mætt eru: Irina Boiko, Freyja Jónsdóttir, Þorsteinn Kristjánsson, Bóas Jakobsson, Þráinn Sigvaldason og Svandís Egilsdóttir.

Fundur settur klukkan 17:00

Fjarverandi er Jóna Björg Sveinsdóttir.

1. Svandís las fundargerð síðasta fundar.
2. Svandís sagði að hún væri komin í samband við túlk sem við getum verið í samstarfi við á næsta skólaári.
3. Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir árið 2014-2015.
 - Leikskólinn byrjar 7. ágúst 2014.
 - Hver mánuður hefur sitt „læsis þema“
 - Sundið verður með svipuðu sniði og verið hefur utan þess að fimmti dagurinn verður sund- og menningarferð 20. febrúar. Eftir smá ígrundun var ákveðið að hafa 5 sunddaga 18.-22. ágúst.
 - Stefnt er á að hafa eins dags gönguferð 26. ágúst.
 - Valnámskeið fyrir eldri hóp verður 27.-29. ágúst. Og svo aftur 5 daga að vori.
 - Tveir nemendur fara í samræmd próf. Þeir eru báðir í 4. bekk.
 - Stefnt er á að hafa Menntaþing laugardag og sunnudag 11.-12. október hér í grunnskólanum. Markmiðið er að fá fyrirlesara hingað en búið er að fá styrk úr lýðheilsusjóð til verkefnsins.
 - Foreldraviðtöl verða 23. október og vetrarfrí verður þar strax á eftir.
 - Námsmat verður fyrr núna en verið hefur og verður það 25.-27. nóvember.
 - Ákveðið að færa tombólu til 2. des.
 - Breyting verður þannig að kennd verður ein vika í dönsku og svo önnur í ensku (lotukennsla). Markmiðið er að með þessu verði árangur nemenda betri.
 - Það stendur til að hafa söng og samskipti tíma þrisvar í viku.
 - Skóladagatalið verður síðan lagt fyrir skólanefnd.
4. Svandís fór yfir starfsmannamál næsta veturs.
 - Bryndís Skúladóttir kemur inn sem umsjónakennari yngra stigs.
 - Kristján Geir kemur inn í 100% stöðu.

- Þráinn hyggst halda áfram í námi og gefur hann svar fljótlega hvort hann kenni eða ekki. Ef hann verður ekki þarf að ráða í hans stöðu.
5. Svandís kynnti Heilsueflandi skóla.
- Markmiðið er að vinna þetta áfram í áföngum.
 - Byrjað verður jafnvel með að vinna 3 hluta af 8 fyrsta árið.
 - Það mun einn kennari halda utan um þetta verkefni.
 - Æskilegt er að skólahjúkrunarfræðingur vinni með skólanum að verkefninu.
 - Stefnt á að hafa þrjá skólaráðsfundi í haust til þess að fara í gátlistana.
6. Kynnt var jafnréttisáætlun sem unnin var nú í vetur.
- Áætlunin var að hluta til unnin með kennurum.
 - Jafnréttisstofa fór yfir áætlunina og eru þau ánægð með hana.
 - Þessi áætlun verður lögð fyrir skólanefnd.
 - Þorsteinn staldraði við eitt af markmiðunum en það var um það nemandi ætti að fá kennslu á sínu móðurmáli. Það sé ekki auðvelt hér á svona litlum stað. Markmiðið er gott en það er kannski ekki auðvelt í framkvæmd. Þráinn spurði hvort hætta væri á að hægt væri að gagnrýna okkur ef við getum ekki framkvæmt þetta. Svandís sagði að þetta myndi skuldbinda sig til þess að reyna sitt besta til að þessu markmiði yrði náð.
7. Næsti fundur ákveðinn 25. ágúst klukkan 17:00. Það verði fyrsti fundur í vinnu fyrir heilsueflandi skóla.

Fundi slitið klukkan 18:30.

Fundagerð reit Þráinn Sigvaldason.